



Skýrsla um samningaviðræður í Moskva haustið 1955

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Pétur Thorsteinsson –
Þórhallur Ásgeirsson – Sovétríkin

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-19, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur


VIÐSKIPTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík,

23. nóvember 1955.

Hér með sendist 1 eintak af skýrslu
Péturs Thorsteinssonar, sendiherra, og undir-
ritaðs um samningaviðræður þær, sem fóru fram
í Moskva í september s.l.

F. h. r.



Dómsmálaráðherra,
R.

SKÝRSLA UM SAMNINGAVIÐRÆÐUR I MOSKVA

HAUSTIÐ 1955

UM

VIÐSKIPTI ISLANDS OG SOVÉTRÍKJANNA.

Bókun um viðskipti Íslands og Sovétríkjana á árinu 1956 var undirrituð í Moskva 23. september 1955. Samið var um vörulista, er gilda eiga frá 1. janúar til 31. desember 1956, og auk þess var gengið frá samkomulagi um aukningu yfirdráttarheimildar á jafnkeyplisreikningi landanna úr 10 millj. kr. upp í 20 millj. kr.

Viðskiptesamkomulegið milli Íslands og Sovétríkjana frá 19. júní 1954 gildir til ársloka 1955. Ástæðurnar fyrir því, hve nú var samið löngu fyrir lok gildistíma gamla samningsins, eru þessar:

Samkvæmt samkomulaginu frá 19. júní 1954 er kvóti fyrir 35.000 tonn af frystum fiskflökum frá Íslandi (á 18 mánaða tímabili). Hinn 6. ágúst 1954 var gengið frá samningi um 25.000 tonn af þessu magni, en í samningnum var ákveðið þess efnis, að ræða skyldi um 10.000 tonna viðbótarmagn fyrir 1. apríl 1955. Í fyrri hluta merz-mánaðar tilkynntu Íslendingar, að þeir vildu fastselja 5.000 tonn af fiskflökum í viðbót við ofan nefnd 25.000 tonn, og óskuðu jafnframt eftir "option" til júliloka til að selja enn 5.000 tonn í viðbót. (Samkvæmt flakasamningnum frá 6. ágúst 1954 átti allt viðbótarmagn, sem samið yrði um fyrir 1. apríl 1955, að seljast á sama verði og með sömu kjörum og 25.000 tonninn).

Rússar tregðuðust nú mjög við að taka meiri fisk, en loks eftir mikinn eftirrekstur féllust þeir á það seint í maí-mánuði, að taka 5.000 tonn í viðbót við 25.000 tonninn. Ekki var þó gengið frá samningi um það magn fyrr en seint í júlí.

Seinast í júlí var ákveðið að reyna að selja enn 5.000 tonn af fiskflökum til Rússa, svo að magnið yrði alls 35.000 tonn eins og kvótinn í viðskiptasamningnum. En er það mál var tekið upp við Rússa í Moskva í byrjun ágúst, voru undirtektir svo daufar, að sendiherra taldi litlar líkur til að nein svör fengjust nema helzt í sambandi við viðræður um samninga fyrir næsta ár. Lagði hann því til, að reynt yrði að taka snemma upp slíka samninga. - Var þá ákveðið að fel a sendiherra og Þórhalli Ásgeirssyni, skrifstofustjóra, að annast viðræður við Rússa um viðskipti á árinu 1956, og taka þá jafnframt upp málið um 5.000 tonninn af fiskflökum á þessu ári. Og þaræð ráðgert var, að Þórhallur og sendiherra færu auk þess á fund Efnahagsnefndar Evrópu (ECE) í Genf um verzlun austurs og vesturs, sem standa átti frá 26. september til 14. október, var þess farið á leit við Rússa, að viðræður mættu hefjast í Moskva kringum 12. september.

Rússar tóku í fyrstu deuflega í það, að hefja viðræður svo snemma, en féllust á það að lokum. Jafnframt óskuðu þeir eftir því að fá í hendur, ef mögulegt væri, tillögur Íslendinga um viðskipti á árinu 1956 áður en viðræður byrjuðu.

Hinn 6. september lagði sendiherra fyrir utanríkisverzlunarráðuneytið í Moskva íslensku tillögurnar um vörulista fyrir 1956. Var jafnframt lagt til, að vörulistar fyrir 1957 yrðu eins, ef hvorugur aðiljinn hreyfði mótæðum um það fyrir 1. október 1956.

Til vara var lagt til, að gerðir yrðu vörulistar til tveggja ára, þannig að kvótarnir á vörulistunum fyrir 1956 yrðu tvöfaldaðir.

Sá sem sendiherra ræddi við um tillögur þessar, var hr. Tséklín, yfirmáður deildarinnar fyrir verzlun við Vesturlönd í utanríkisverzlunarráðuneytinu. Er Tséklín hafði lesið yfir tillögurnar, kvaðst hann strax sjá, að ekki yrði erfitt að ná

sankomulagi um sovétvörurnar, en hins vegar sagði hann, að Rússar gætu alls ekki fallið á tillögurnar um íslensku vörurnar, en þar voru þessar:

Fryst fiskflök	25.000 tonn
Saltsíld	100.000 tonn
Ymislegt	2 millj. kr.

Hann sagði, að Rússar gætu í mesta lagi tekið 13.000 tonn af fiskflökum á árinu 1956, en hins vegar væru þeir reiðubúðir að taka 200.000 tonn af saltsíld.

Er sendiherra benti á, að Íslendingar gætu alls ekki lofað svo mikilli saltsíld, sagði Tséklín, að Rússar myndu setta sig við 170.000 tonn. Sendiherra sagði, að það væri einnig allt of há tala.

Um fiskflakemagnið spunnust miklar viðræður, og verður nánar minnst á röksemdir Rússa í kaflanum um fiskflökin síðar í þessari skýrslu. Að lokum var ákveðið að fresta frekari viðræðum um þetta, þar til Þórhallur Ásgeirsson kemi.

Þórhallur kom til Moskva frá Prag að kvöldi 12. september, og fyrsti viðræðufundurinn var haldinn hinn 14. september. Tómas A. Tómasson sendiráðsritari var á þeim fundi og öllum síðari fundum með þeim Þórhalli og sendiherra.

Aðurnefndur N.I. Tséklín hafði orð fyrir Rússum, en auk þess voru á fundinum hr. I.I. Krotov, starfandi yfirmaður 2. innflutningsdeildar utanríkisverzlunarráðuneytisins, hr. Sobitskí, starfandi yfirmaður 1. útflutningsdeildar ráðuneytisins, og frk. A.S. Ivanova frá Norðurlandadeild ráðuneytisins.

Alls voru haldnir fjórir viðræðufundir (fyrir utan fund, sem haldinn var með V/O Sojuznefteexport út af olíum og benzíni, og fund með V/O Tekhnopromimport út af bifreiðum). Á síðari fundunum voru auk ofanritaðra: M.K. Artemyev, yfirmaður Norðurlandadeildarinnar og A.G. Shchelokov, verzlunar-attaché við sovétsendiráðið í Reykjavík. Á seinasta fundinum kom hr.

N.I. Osipov, sem þá var orðinn starfandi yfirmaður 1. útflutningsdeildarinnar, í staðinn fyrir hr. Sobitski, er sagður var þá vera farinn til Genf.

Ekki verður hér greint frá því, sem rætt var um á hverjum einstökum fundi, heldur verður fyrst skýrt frá viðræðum um framkvæmd nágildandi samnings, síðan um íslensku vörurnar, þá um sovétvörurnar, og loks verður skýrt frá öðrum atriðum, er fram komu í viðræðunum.

Frankvæmd nágildandi samnings.

Strax í upphafi viðræðanna lögðum við fram yfirlit yfir framkvæmd nágildandi samnings, enda mátti sjá fyrir með nokkurri nákvæmni, hvernig greiðslur yrðu allt til ársloka. Í stórum dráttum er yfirlit þetta þannig:

Keyptar sovétvörur til Íslands	kr. 197.142.000
flutningsgjöld	" 40.000.000
vörur til þriðja lands	" 6.840.000
(yfir Holland til Spánar)	" 1.500.000
aðrar greiðslur	<u> </u>
	kr. 245.482.000
Fiskflök, 30.000 tonn	" 170.500.000
saltsild, 15.000 "	" 47.925.000
Ymsar greiðslur	" <u>4.000.000</u>
	kr. 222.425.000

Mismunur á jafnkeypisreikningnum hafði í byrjun tímabilsins verið um kr. 4 millj.,- en á móti kom, að Rússar hefðu greitt á yfirstandandi tímabili ca. kr. 4 millj. í frjálsum gjaldeyri vegna flutningsgjalda, er tilheyrðu fyrra tímabili.

Heildarútkoman var því sú, að Íslendingar myndu verða í rúmlega 23 millj. kr. skuld við Rússa árslok 1955, þ.e.a.s. ef Rússar tekju ekki meiri fiskflök.

Við kröfumst þess nú, að Rússar tekju allt kvótamagnið af fiskflökum, þ.e. 5.000 tonn í viðbót við áður umsamin 30.000 tonn. Við bentum á, hvernig Íslendingar hefðu gert sitt

ytrasta til að standa við sína hlíð á framkvæmd viðskiptanna,-- hve íslensk stjórnarvöld hefðu lagt fest að innflytjendum að kaupa sovétvörurnar, og nú síðast hefðu verið keypt 4.000 tonn af hveiti, sem Íslendingar yrðu að láta mala í Hollandi, og yrði hveitinjöl fyrir bragðið um \$7,- dýrara pr. tonn í innkaupi en áður og þar með talsvert dýrara í útsölu. Þetta þýddi aftur hærri framfarsluvísitölu á Íslandi, og þar með hærri launagreiðslur í landinu. Þetta hveiti hefði einmitt verið keypt með hlífðsjón af því, að Rússar áttu eftir að taka ofan nefnd 5.000 tonn af fiskflökum, enda hefði því löngum verið haldið fram af fulltrúum Rússa, að því meira, sem Íslendingar keyptu af sovétvörum, því meir myndu Rússar kaupa af Íslendingum. Þetta dýra hveiti hefðu Íslendingar því ekki keypt bara til að safna skuld við Rússa.

Binnig lésuð við upp eftirferandi ákvæði úr viðskipta- samningi Íslands og Sovétríkjanna: "Each Government under- takes to take all necessary measures in order to ensure the proper execution of deliveries in accordance with the said lists" (þ.e. gildandi vörulista á hverjum tíma). Við sögðumst því atlast til þess að stjórnarvöld Sovétríkjanna séu til þess, að allt flakamagnið yrði keypt.

Við reyndum mjög að fá niðurstöðu varðandi þessi 5.000 tonn af fiskflökum áður en ferð yrði að reða vörulista fyrir næsta ár, en Rússarnir voru ófánlegir til að reða það mál sérstaklega. Þeir fóru stöðugt inn á næsta árs samning, og engin lausn fékkst á málinu fyrr en í sambandi við næsta árs freðfiskkvóta á síðasta fundinum. Annars voru svör þeirra helst þau, að eins og staði veri ekki áhugi á meiri flaka- kaupum á þessu ári, en ef þörf skapaðist síðar á árinu, yrði

fiskurinn að sjálfsögðu keyptur. Við bentum þá á, að kerfinn, sem Rússar sækjast meira eftir en þorski, er veiddur aðallega á sumrin og haustin, og væri því nauðsynlegt að fá úr þessu máli skorið sem allra fyrst. En allt kom fyrir ekki.

Hvað framkvæmd viðskiptanna snertir, höfðu Rússar engar kvartanir fram að færa í sambandi við kaup á sovétvörum. Hins vegar kvörtuðu þeir undan hringorrum í freðfiskinum, sbr. hér á eftir, og létu í ljós ótta við að nú eins og undanfarin ár yrði ekki afgreitt fullt samningsmagn af saltsíld.

Um væntanlega skuld Íslendinga í árslok 1955 sögðu þeir, að við áætluðum hana of háa: samkvæmt útreikningum Rússa yrði hún í mesta lagi um 16 millj. kr. í stað 23 millj. Þessi munur byggist líklega sumpart á því, að við reiknuðum með aðeins 15.000 tonna heildarafgreiðslu af saltsíld, en samningar hljóða á 16.000 tonn, og sumpart á því, að Rússar hafa gert ráð fyrir minni flutningsgjaldgreiðslum en við.

Vörulistar fyrir 1956.

Íslenskar vörur. Eins og að framan segir hafði hr. Tséklín á fundi með sendiherra 6. september lagt til, að á íslenska vörulistanum yrðu 13.000 tonn af fiskflökum og 17.000 tonn af saltsíld. En á fyrsta samningafundinum 14. september kvaðst hann nú hafa heimild til að ganga nokkuð til móts við óskir Íslendinga, og gætu Rússar nú samþykkt að hafa 15.000 tonna kvóta fyrir fiskflök og 15.000 tonna kvóta fyrir saltsíld.

Við bentum á, að þessar tillögur þýddu 15-20% niðurskurð á viðskiptunum miðað við síðustu 12 mánuði, og hvað flakmagnið snertir, væri um nær 40% niðurskurð að ræða. Við kváðumst

telja það undarlegt, að nú setti allt í einu að fara að draga úr Íslandsviðskiptunum eftir allar yfirlýsingar Rússa síðast liðin 2-3 ár um að þeir vildu halda uppi miklum og vaxandi viðskiptum við Ísland.

Rússernir kváðust þó ekki vilja draga úr viðskiptunum, og sögðust reiðubúnir að kaupa alla þá saltsíld, sem við gætum látið, t.d. 200 - 300.000 tonn, - "eða jafnvel 500.000 tonn, ef þið viljið". En hinsvegar sögðu þeir, að þeir gætu ekki keypt meiri freðfisk en 15.000 tonn. Einnig spurðu þeir, hvort við hefðum ekki eitthvað annað að bjóða en freðfisk og saltsíld.

Við sýndum frem á, að vegna reynslu síðustu 10 ára væri algerlega óraunhæft að lofa meiri síldarefgræiðslu en 15.000 tonn, og jafnvel væru 15.000 tonn of mikið (í fyrstu vildum við ekki samþykka nema 10.000 tonna saltsíldarkvóta, en smáhækkunum okkur upp í 15.000 tonn). Einnig bentum við á, að þær aðrar vörur, sem við gætum boðið, ef til kæmi, aðrar en freðfiskur og saltsíld, myndu skipta svo litlum upphæðum, að þær gætu ekki haft veruleg áhrif í þá átt að auka viðskiptin. Þó sögðum við, að ef Rússar vildu saltfisk, gæti orðið um verulega upphæð að reða, - en þá væru vildu Rússar ekki, eins og við reunar vissum fyrir. Niðurstaðan væri því sú, að ef Rússar tækju ekki nema 15.000 tonn af fiskflökum, yrði um 15-20% niðurskurð á heildarviðskiptunum að reða.

Einnig bentum við á, að samkvæmt íslensku tillögnum væri ekki aðeins gert ráð fyrir að halda heildarviðskiptunum á svipuðu stigi og áður, heldur væri gert ráð fyrir aukningu viðskiptanna, - og vörukaup Íslendinga frá Sovétríkjunum væru nú orðin það mikil, að slík aukning væri möguleg, enda þótt engar gjaldþrengingargreiðslur ettu sér stað, nema endargreiðslur flutningsgjalda. Áður hefðu

Rússar þurft að greiða Norðurlandssaltsíldina í frjálsu gjald-
eyri, en nú samþykktum við jafnkeypi fyrir alla saltsíldina.

Rússar kváðust nú etla að athuga málið nánar, og á fundi
hinn 16. október tilkynntu þeir, að þeir hefðu nýjer tillögur
varðandi íslensku vörurnar, sem veru algerlega endanlegar frá
þeirra hálfu, þ.e. 15.000 tonna kvóti fyrir saltsíld eins og
éður, og 20.000 tonna kvóti fyrir freðfisk. Þeir sögðu, að með
þessu móti yrðu heildarviðskiptin álíka mikil á næsta ári eins og
á yfirstandandi ári.

Við kváðum það mikil vonbrigði, að Rússar vildu nu minnka
freðfiskkvótann frá því, sem verið hefir undanferin tvö ár, og
bentum m.a. á, að í sambandi við verðunareður um fiskinn í fyrra
hefðu fulltrúar Rússa reynt að þvinga niður verðið á þeim grund-
velli, að í Sovétríkjunum hefðum við óvenju stóran og þruggan
markað fyrir fiskinn, - en nú sýndi það sig, að strax etti að
fara að skera niður magnið. Að lokum tókum við frem, að við
teldum ekki fært að samþykkja 20.000 tonna flakakvóta fyrir næsta
ár, nema Rússar tækju þau 5.000 tonn, sem eftir er að semja um
af þesse árs kvóta. Við buðum samt til samkomulags, að hluti af
þessum 5.000 tonnum yrði ekki afgreiddur fyrr en í janúar, ef
Rússum kæmi slíkt betur.

Loks á síðasta fundinum buðust Rússar til að taka "allt"
að 3.000 tonnum" af fiskum í viðbót á þessu ári. Eftir mikið
þóf féllust þeir á að sleppa orðunum "allt að", en lengra varð
ekki komið.

Lengi framan af vildum við ekki samþykkja hærri síldar-
kvóta en 13.000 tonn, en buðum hins vegar landbúnaðarvörur
samkvæmt fyrirmalum í síaskeyti að heiman, einkum kjöt. Rússar
svöruðu strax, að þeir hefðu engan áhuga á kjötkeupun, og hvað
íslenskar gerur og ull snertir, sögðust þeir ekki þekkja þær
vörur, og yrðu að fá sýnishorn af þeim éður en nokkuð yrði

skveðió um kvóta fyrir þær, hvað þá kaup. Hins vegar kvæðust þeir hafa áhuga á "hóðum".

I viðræðum við utenríkisverzlunarráðherrann, I.G. Kabanov, síðar, kom fram, að hann taldi líklegt, að íslenska ullin væri of gróf, en sagði, að ef ullin yrði fínni síðar, t.d. fyrir kynbetur, yrði vafalaust mikill merkaður fyrir slíka ull í Sovétríkjunum.

Við lögðum til, að hefður yrði sérstakur kvóti á íslenska vörulistanum fyrir landbúnaðarvörur, eða e.m.k. yrði liðurinn "ýmislegt" nefndur: ýmsar vörur, þar með talðar landbúnaðarvörur. En Rússar voru mótfallnir þessu, og sögðu, að landbúnaðarvörur komu allveg eins undir liðinn "ýmsar vörur", þótt þær væru ekki sérstaklega nefndar. Liðurinn "ýmsar vörur" var ákveðinn 2 millj. kr. á íslenska vörulistanum.

Erfitt er að áætla nákvæmlega heildarverðmæti íslensku varanna samkvæmt þeim kvótum, sem samkomulag varð um, þaræð enn er ekki vitað um skiptingu freðfisksins eftir tegundum og pakningum, og ekki vitað um skiptingu saltsílderinnar í Norðurlands- og Suðurlandssíld, - og loks er ekkert enn vitað um verð. En við áætluðum samt lauslega verðmætið þannig:

fiskflök, 20.000 tonn	kr.	116 millj.
saltsíld, 15.000 "	-	50 "
ýmsar vörur		2 "
		<hr/>
	kr.	<u>168 millj.</u>

Áður en skilið er við íslensku vörurnar verður að reða nokkru nánar um frvstu fiskflökin.

Þegar fyrst var samið við Rússa 1953 áttu þeir lengi vel ekki að vilje taka nein fiskflök, en að lokum samþykktu þeir að kaupa 5.000 tonn, og hækkuðu sig síðan upp í 21.000 tonn. Þar af seldu þeir að vísu 5.000 tonn til Tékkóslóvakíu, svo að 16.000 tonn fóru til Sovétríkjanna sjálfra fyrstu 12 mánuðina eftir að

viðskiptin hófust.

Þegar næst var samið, í júní 1954, var tekið upp 35.000 ^{tonna} kvóti fyrir froðfisk, - en samningurinn gildi til eins og hálfis árs, svo að þetta samsvaraði rúmlega 23.300 tonnnum á 12 mánuðum. Íslendingar stungu upp á þessu kvótamagni, og Rússar samþykktu það án nokkurra athugasemda.

En samningarnir við "Prodintorg", þ.e. þá stofnun, sem kaupir fiskinn, tóku langan tíma. Var lengi deilt um verð og aðra skilmála. Íslendingar kröfðust verðhækkunar miðað við árið á undan, en Rússar kröfðust hins vegar £ 8 - £ 9 lakkunar á verðinu pr. tonn. Frá verðþrættum þessum er sagt í skýrslunni um samningana í Moskva sumarið 1954. Niðurstaðan varð sú, að samið var um óbreytt verð á þorskflökum, en verð á karfaflökum hækkaði um £ 7 pr. tonn. Rússar keyptu að þessu sinni eingöngu flök í "blokkum", og sögðu, að flök í stærri umbúðum væru of dýr til þess að þeir gætu keypt þau.

Í upphafi viðræðnanna við "Prodintorg" sumarið 1954 vildu Rússar gera strax samning um allt kvótamagnið, 35.000 tonn. Íslendingar voru þá ekki reiðubúnir til að fastselja svo mikið magn, vegna óvissu um vörukaup í staðim, en vildu semja um 25.000 tonn og hafa "option" til að auka magnið upp í 35.000 tonn síðar eins og segir hér að freman. Í fyrstu höfðu Rússar ekkert við þetta að athuga, en í lokin, er til þess kom, að ganga frá flakasamningnum ætluðu Rússar að neita að samþykkja þessa "option". Að lokum var gerð málamiðlun um svohljóðandi orðalag:

"It is agreed that the matter of delivery up to additional 10.000 tons of Frozen Fillets to the USSR on the terms and conditions of this contract will be discussed by the parties not later than 1st April 1955".

Um framkvæmdina á þessu ákveði er sett hér að framan.

Ekki er gott að segja, hvort þessi tregða Rússa til að samþykkja ofangreinda "option", byggðist á óánægju með verðið á fiskinum, - eða hvort þeir hafa allt í einu farið að óttast, meðan á samningunum um flökin stóð, að þeir hafi ferzt of mikið í fang með því að samþykkja 35.000 tonna kvóta. En þetta var í fyrsta sinn síðan samningunum 1953 leik, að fram kom tregða hjá Rússum varðandi flakkaup. Hér að framan er lýst áframhaldinu.

Rússar hafa nefnt ýmsar röksemdir fyrir því, að þeir geti ekki keypt eins mikið fiskmagn eins og Íslendingar vilja selja. Skal hér minnst a þær helztu, og eins á önnur atriði, sem kunna að hafa dregið úr áhuga Rússa á flakkaupunum:

1. Verðið. Í svo til hvert skipti, sem minnst er á flökin hamra Rússar á því, að þau séu of dýr. Er greint frá helztu röksemdum þeirra í þessu efni í skýrslunum um samningana í Moskva bæði 1953 og 1954. Búast má við, að þeir komi enn með verðlækkunarkröfur í sambandi við fyrirhugaðan flakasamning fyrir 1956.

En vinsældir fiskisins fara vonandi vaxandi í Sovétríkjunum, og etti það með tímanum að draga úr þessum kvörtunum um verðið.

Tekið skal fram í þessu sambandi, að það betir ekki úr skák í þessu efni, að viss blöð á Íslandi hamra stöðugt á því, að Rússar borgi Íslendingum miklu herra verð fyrir fiskinn en fest á Bandaríkjamarkaðnum, - að það hafi eingöngu verið hinu háa rússneska verði að þakka, að hægt var á sínum tíma að hækka kerfaverðið úr 65 aurum upp í 90 sura o.s. frv.

2. Hringormar. Strax og fyrst var samið um flökin við Rússa 1953 tóku þeir skýrt fram, að ef hringormar yrðu í fiskinum, myndu þeir hætta að kaupa hann. Þeir segjast hafa lög, er banni stranglega innflutning á fiski, sem hringormar finnast í.

Þegar samið var í annað sinn, þ.e. 1954, sögðu Rússar, að talsverð brögð hefðu verið að hringormum í 4 förmum á fyrsta samningstímabilinu. Þeir sögðu enn, að ef þetta yrði ekki fyrirbyggt, yrðu þeir að hætta eða stórdraga úr kaupunum.

Í viðræðum okkar nú sögðu þeir einnig, að þó nokkur brögð hefðu verið að hringormum í ýmsum förmum, og sumir Rússarnir sögðu, að það væri meginástæðan fyrir því, að dregið væri nú úr flakemagninu.

3. Skuld Rússa á íafnkevalsreikningnum. Rússar hafa stundum borið því við undanferna mánuði, að Íslendingar keyptu of lítið af sovétvörum til þess að þeir gætu keypt meiri fisk, enda veru Rússar ávalt í stórrri skuld við Íslendinga. Í öllum tilfellum hefir verið hægt að sýna fram á, að skuld Rússa væri aðeins bráðabirgðafyrirbrigði, og að raunverulega væri búið að festa kaup á svo miklu vörumagni frá Sovétríkjunum, að skuldin mundi bráðlega hverfa. Var sýnilegt, að Rússar notuðu skuldina aðeins sem átyllu, og að einhverjar aðrar ástæður lágu til tregðunnar á fiskkaupunum.

Nú síðast var hægt að sýna fram á, - eins og að framan segir, - að Íslendingar yrðu í skuld um næstu áramót, en ekki Rússar, ef ekki yrði keypt meira af fiski.

4. Saltsíld í stað fiska. Undanferna mánuði hafa Rússar oft sagt, að þeir vilji taka saltsíld í staðinn fyrir hluta af flakemagninu. Metti hugsa sér, að Rússar hafi af einhverjum ástæðum endilega viljað euka síldar kaup frá Íslandi, og hafi haldið, að þeir gætu þvingað Íslendinga til að léta meiri síld með því að neita að taka allt flakemagnið. Hinn sukni áhugi á síldar kaupum frá Íslandi gæti t.d. byggst á því, að síldar kaup frá Færeyjum hafa fallið niður (að því er virðist af pólitískum ástæðum), og að Rússar vilji nú ekki kaupa eins mikið af síld frá Hollendingum og Skotum og áður, þar sem þeir verða að borga í frjálsum gjaldeyri, - og verði því að

snúa sér af meiri krafti en áður að íslenska og norska markaðnum, þar sem þeir fó síldina í jafnkeypi.

Þessi skýring á tregðu Rússa til að taka fiskflökin er þó ekki sérlega sennileg, og má t.d. benda á, að Rússar hafa sjálfir stóraukið saltsíldarframleiðslu sína upp á síðkestið.

5. Skortur á kaligeymslur. Ein af skýringum Rússa á því, að þeir geti ekki tekið eins mikið magn og Íslendingar óska, er sú, að þeir hafi ekki negar kaligeymslur. Þeir segjast aðeins geta selt fiskinn í örfáum stórborgum, en mestur hluti landsins hafi ekki tekið til að taka við og geyma frystan fisk.

Sjálfsgætt er mikill samleikur í þessu, og má t.d. benda á, að einu hafnarinnar, sem hafa stórar kaligeymslur, eru Leningrad og Murmansk. Í öðrum höfnum er fiskinum yfirleitt skipað upp beint í járnbrautervagna.

Að vísu lét forstjóri Prodintorgs svo 1953, þegar fyrst var samið, að Rússar hefðu í landinu frystikerfi til að taka við miklu meira magni af flökum en þá var samið um. En þessar fullyrðingar hafa sjálfsgætt byggzt á ókunnaugleika (þann var þá nýtskinn við þessu starfi).

Rússa mun ekki aðeins skorta kaligeymslur, heldur munu þeir hafa mjög takmarkað magn af kalivögnum á járnbrautumum, og eins skortir kaliskápa í verzlunir, nema í stærstu borgunum.

Í sambandi við viðræður um frystihúseskort hafa Rússar tekið fram, að upp á síðkestið hafi þeir þurft meir en áður að nota þau frystihús, sem þeir hafa, til geymslu á öðrum vörum en freðfiski. Nokkuð kann að vera til í þessu, og má í því sambandi benda á kjötinnflutninginn frá Argentínu.

6. Verzlunarhagnaður. Ein röksemd, sem Rússar hafa nefnt nýlega, - og stítt kannske frekar að ræða hér að freman í sambandi við verðið, - er það, að verzlunarhagnaður þeirra af fiskinum sé svo

lífill, - a.m.k. miðað við aðrar matvörur. Útsöluverð á þorskflökum með roði er í Moskva rb. 7,00 pr.kg. (ca. kr. 28.50), en innkaupsverðið er um rb. 1,32 pr. kg. cif Leningrad (ca.kr.5.40). Er því útsöluverðið um 430% herra en eifverðið.

Útsöluverð á kerfaflökum í Moskva er rb. 10,40 pr. kg. (ca. kr. 42,45), en innkaupsverðið er um rb. 1,40 pr. kg. cif Eystrasaltshöfn (ca. kr. 5,70). Er því útsöluverð á kerfaflökum um 643% herra en eifverðið.

Til samanburðar skal tekin saltsíld. Þegar þetta er skrifað, er íslenska síldin frá þessu ári ekki komin í verzlunir í Moskva. En þar fest nú saltsíld, hausskorin, er nefnist Atlantshafssíld, og er hún seld á rb. 20,10 pr. kg. (ca. kr. 82,-). Gera má ráð fyrir, að íslenska Norðurlandssíldin verði ekki seld á lægra verði en þetta. (Síld með haus, talsvert minni en íslenska síldin, er seld á rb. 14 - 18 í verzlunum í Moskva).

Innkaupsverð Rússa á Norðurlandssíldinni er um rb. 0,88 pr. kg. fob íslensk höfn. Sé bæt þar við 12 kópekum fyrir flutningskostnaði og váttryggingu (sem mun vera mjög ríflega reiknað), er eif-verðið kringum eins rúbla pr. kg. Útsöluverð síldarinnar er því um 1.900% herra en innkaupsverðið.

Nokkuð er því til í því, að verzlunarhagnaðurinn á fiskflökunum sé "lífill", miðað við saltsíld a.m.k.

Við spurðum Rússana, af hverju þeir höfðu ekki útsöluverðið á flökunum, til að saka verzlunarhagnaðinn, og kváðumst við telja flökin mjög ódýr í útsölu miðað við aðra matvöru í Moskva. En Rússarnir svöruðu, að ef þeir höfðu verðið, myndu flökin ekki ganga út.

Tekið skal fram, að í allt sumar mun stíð hafa verið til nóg af íslenskum fiskflökum í fiskbúðum og öðrum matarverzlunum í Moskva.

7. Aukin fiskframleiðsla Sovétríkianna. Þótt Rússar hafi aldrei nefnt það í viðræðum við Íslendinga um fiskflökin, nætti hugsa sér, að aukin fiskframleiðsla þeirra sjálfra hefði áhrif í þá átt að draga úr áhuga þeirra á kaupum fiskflaka frá Íslandi. Vitað er, að þeir leggja mikla áherslu á aukningu fiskveiðanna, og mun heildarefni þeirra fara vaxandi.

8. Loks má nefna, að Rússar eru að taka upp viðskipti við fleiri og fleiri lönd, en vörur þeirra til útflutnings eru takmarkaðar. Gata því viðskiptin við Ísland takmarkast af þessu. Í þetta sinn vildu Rússar t.d. ekki selja okkur alla þá gasolíu, sem við óskuðum eftir, sbr. síðar.

Ekki er þó líklegt, að orsakanna til tregðunnar á flaka-kaupunum sé hér að leita, s.m.k. enn sem komið er.

Í stuttu máli virðist okkur aðallega þrennt valda því, að Rússar taka minna flakamagn en búizt var við: 1) þeir telja verðið of hátt 2) frystigeymslukerfi þeirra er of lítið og 3) innflutningsstofnunin (Prodintorg) óttast viðurlög af hálfu heilbrigðisyfirvaldanna vegna hringormanna.

Sovétvörur. Hér fer á eftir sovétvörulistinn eins og hann varð endanlega. Í athugasemdum á eftir verður skýrt frá því, hverjar tillögur Íslendinga voru upphaflega, og hvaða breytingar varð samkomulag um. Í aftari töludálknum er áttlað verðmæti varanna miðað við núverandi verðlag. Þar telur er að sjálfsögðu ekki á sjálfum vörulistunum með viðskiptasamkomulaginu.

<u>Væruheiti</u>	<u>Magn eða verð</u>	<u>Ástlað verðmæti</u>
Fuelólía	110.000 smál.	21,6 millj.
Gasólía	120.000 "	50,8 "
Bifreiðabenzín	40.000 "	23,9 "
Gaskol	600 "	0,2 "
Antresít	1.200 "	0,4 "
Koks	1.800 "	0,5 "
Gaspípur (svartar og galv.)	2.000 "	5,2 "
Steyrustyrktarjárn og aðrar járn og stálvörur	3.000 "	4,9 "
Hveiti, hveitimjöl og hveitiklíði	5.000 "	6,2 "
Rúgmjöl	2.500 "	3,0 "
Hrisgrjón	400 "	1,0 "
Kartöflumjöl	300 "	0,7 "
Sement	50.000 "	10,4 "
Timbur	40.000 m ³	29,4 "
Bifreiðar	140 "	1,8 "
Ymsar vörur	10.000.000 kr.	10,0 "
		<u>kr. 170,0 millj.</u>

Magn fuelólíu og bensíns er í samræmi við íslensku til-
lögurnar. Gerðu Rússar engar athugasemdir við þær tölur.

Hvað gasolíu snertir, var af okkar hálfu lagt til, að magnið
yrði 125.000 tonn, og að auk þess yrði kvóti fyrir 15.000 tonn
af "marine diesel oil". Rússar vildu ekki samþykkja kvóta fyrir
"marine diesel oil", og í fyrstu vildu þeir söeins hafa kvóta
fyrir 110.000 tonn af gasolíu. Sögðu þeir, að "Sojuznefteexport"
gæti ekki lofað meira magni.

Við bentum á, að annað hvort þyrftum við að taka allar
okkar þarfir af gasolíu frá Sovétríkjunum, eða ekki neitt. Hitt
yrði allt of erfitt í frakkvand, að taka mest allt magnið þaðan, en
lítinn hluta annars staðar. Einnig báðum við um fund með
"Sojuznefteexport". Á þeim fundi kom fram, að algerlega er óvíst,
hvort Rússar geta afgreitt "marine diesel oil" með þeim eigin-
leikum, sem olíufélagin óska eftir, og hvað magn gasolíunnar snertir
kvaðst "Sojuznefteexport" geta látið allt það magn, sem utan-
ríkisverzlunarráðuneytið samþykkti að láta.

Við töldum því ekki ástæðu til að leggja áherzlu á kvóta
fyrir "marine diesel oil", en hins vegar lögðum við mikla áherzlu á

aukningu gasolíukvótans. Áð lokum hækkuðu Rússar kvótann upp í 120.000 tonn, og töldum við það aðgengilegt, enda er ólíklegt, að ekki fáiist eitthvert magn umfræm kvótann, ef á þarf að halda.

Þeir sem við ræddum við í Sojuznefteexport, voru Shevelov, forstjóri stofnunarinnar, Osipov, deildarstjóri, og verkfræðingur skrifstofunnar, er við eigi vitum nafn á. Auk framengreindra mála var m.a. rætt um það, hvort Sojuznefteexport geti orðið við beiðni olíufélaganna um afgreiðslu á ca. 15.000 tonnum á ári af fuelolíu með rennslitigi - 15^oC. Rússarnir virtust hafa mjög óljósar hugmyndir um möguleika á þessu sviði, en lofuðu að sthuga málið mjög fljótlega.

Einnig var rætt um, hver og hvenær væri rétt að ganga frá olíusemningum fyrir næsta ár. Samkomulag varð um, að rætt yrði um málið áður en langt um liður milli Sojuznefteexports og sendiráðsins í Moskva.

Hvað snertir kol og koks, var strax samkomulag um það magn, sem íslensku tillögurnar gerðu ráð fyrir, þ.e. 600 tonn af gaskolum, 1200 tonn af antrasít og 1800 tonn af koksi.

Við spurðum um, hvort við myndum geta fengið einhverntíma á samningstímabilinu eitthvert magn af venjulegum kolum (steam-coal), ef á þyrfti að halda, t.d. 25-30 þús. tonn (þ.e. ef lokast skyldi fyrir kolakaup frá Póllandi, eins og oft hefir legið við borð). Svöruðu Rússar, að þeir getu ekki veitt okkur ákveðinn kolakvóta, en í einkaviðræðum lýsti ráðgjafi hjá Sojuznefteexport sig fúsan til að greiða fyrir kolasölu til okkar, ef við vætum í miklum vandræðum á samningstímabilinu.

Kvótinn fyrir vatnspípur er 2.000 tonn eins og við höfðum lagt til. Hins vegar vildu Rússar endilega nefna vöru þessa gaspípur, og sáum við ekki ástæðu til að smást við því.

Samkvæmt íslensku tillögnum var 1.500 tonna kvóti fyrir

stevnustærktariárn, og 1.500 tonna kvóti fyrir stálpötur, "prófil-járn" og sárrar járn og stálvörur. Þessu slógu Rússar saman í einn 3.000 tonna kvóta, og gerðum við enga athugasemd við það.

Um kvótana fyrir kornvörur og kartöflumíöl urðu litlar sem engar umræður. Gerðu Rússar engar athugasemdir við íslensku tillögurnar um þær vörur.

Um sement var hinsvegar talsvert rætt. Við höfðum stöðugt samband við samninganefndina, sem var í Prag um sama leyti, og er við fréttum, að Tékkar veru reiðubúnir að samþykkja allt að 9.000 tonna freðfiskkvóta m.a. gegn því, að við keyptum af þeim sement, ákváðum við að reyna að fella niður öll sementskaup í Sovétríkjunum, og flytja þau yfir á Tékkóslóvakíu. Virtist þetta vel gerlegt, þar að fyrirsjáanlegt var, að Rússar myndu ekki samþykkja nema 20.000 tonna freðfiskkvóta fyrir næsta ár. - Við bentum Rússum því á, að við gætum stóraukið freðfisksölu okkar til Tékkóslóvakíu með því að flytja sementskaupin þangað, - og tjáðum þeim einnig, að Tékkar borguðu talsvert herra verð fyrir fiskinn en Rússar, og auk þess yrði sementið frá Tékkóslóvakíu ódýrara en frá Rússum, og með hagstaðari afgreiðsluskilmálum, þar að það yrði afgreitt frá Hamborg. Einnig sögðum við þeim frá sementsverksmiðjunni á Akranesi, og bentum á, að allur sements-innflutningur okkar mundi fella niður eftir eitt til tvö ár, svo að engin frambúð yrði hvort sem er í sementssölu Rússa til Íslands. Loks kváðumst við telja ólíklegt, að Rússum væri mjög snnt um sementssölu til Íslands, þar að við kaupum ekki rússneska framleiðslu, heldur Austur-þýzkt sement.

Rússar toku málið til athugunar, en að lokum svöruðu þeir, að þeir yrðu að leggja áherslu á að halda sementskvótanum, þar að

Þeir hefðu þegar gert samninga við Austur-Þjóðverja um sement, og hefði þá verið reiknað með söluinni til Íslands. Við spurðum þá, hvernig yrði á það lítið, ef við keyptum ekki allt kvótamagnið af sementi á árinu, tækjum t.d. aðeins 30-40 þús. tonn af 50.000 tonna kvótanum. Rússar svöruðu þá, að ef eitthvað lítið vantaði upp á, að við tækjum allt magnið, t.d. 2-3 þús. tonn, myndu þeir ekkert segja. Við gerum þó ráð fyrir, að engin athugasemá verði gerð, þótt 5-10 þús. tonn yrðu ekki tekin.

Í íslensku tillögnum var gert ráð fyrir 7.000 "standards" kvóta fyrir timbur. En Rússar lögðu áherslu á að hafa kvótann stærri, þ.e. 40.000 m³, sem samsvarar um 8.500 "standards", og bentu á, að við tækjum slíkt magn á yfirstandandi ári frá Sovétríkjunum. Við sáum ekki ástæðu til að gera ígreining út af þessu, og samþykktum tillögu Rússa.

Sankomulag varð um kvóta fyrir 140 bifreiðir eins og íslensku tillögnum gerðu ráð fyrir. Út af bifreiðunum báðum við um viðtal við "Tekhnopromimport", þ.e. þá stofnun, sem selur bifreiðarnar, og áttum þar tal við aðalforstjóran, og auk þess við Bayer, aðstoðar-forstjóra og tvo aðra starfsmenn stofnunarinnar. Við ræddum m.a. þar kvartanir, sem fram hafa komið vegna málningerinnar á "Pobeda"-bíluunum, og eins spurðum við um afgreiðslumöguleika á nýjum gerðum bifreiða. Um það atriði fengum við eftirfarandi upplýsingar:

1. Jeppabílar, GAZ-69, tveir gerðir gætu orðið til afgreiðslu á fyrsta ársfjórðungi næsta árs, t.d. 100-200 bílar. Bíla þessa er nýlega farið að framleiða og munu þeir hafa reynzt vel í Sovétríkjunum. Bílar þessir eru nokkru stærri en Willy's jepper. Verð er uppgið \$1600,- fob Leningrad, með miðstöð, en án umbúða. Hugsanlegt er, að eitthvað megi fá verðið lækkað.

Við spurðum, hvort hægt yrði að afgreiða einn eða tvo bíla af þessari gerð til Íslands strax sem sýnishorn, og fengum þau svör, að það væri hægt.

2. Fólksbílar með drifi á þrjú hjólum: M-72, aðallega ætlaðir til notkunar í sveitum. Undirvagninn í þessum bíl er sá sami og í jeppanum GAZ-69, nema framþakullinn, sem mun vera eitthvað frábrugðinn. Yfirvagninn ("bodyið") er hins vegar það sama og á Pobeda, nema einhverjar endurbætur hafa verið gerðar til þrjúvissuka á stýrishjóli og mælaborði, og auk þess er komin ný og laglegri grind freman við vélina (fyrir framan vatnskassann). Bílar þessir munu ekki verða til útflutnings fyrr en á næsta ári.

3. Hinir nýju Moskvitsj-bílar verða ekki til útflutnings fyrr en á 3. eða 4. ársfjórðungi næsta árs. Hinsvegar var okkur sagt, að hægt væri að fá gamla Moskvitsj-bílana með vél úr nýju gerðinni. Nýja vélin er 37 hestöfl, og því sterkari en gamla vélin.

4. Hinir nýju Volga-bílar verða ekki til útflutnings fyrr en í fyrsta lagi 1957. Þeir hafa ekki reynzt vel enn sem komið er, er verið að endurbæta þá.

5. Loks óskuðu Rússarnir að gefa okkur upplýsingar um mótörhjól M-72, og létu okkur í té lista með helztu teknilegum upplýsingum um þau.

Þeir virtust hafa mikinn áhuga á að selja til Íslands landbúnaðarvélar, vegsvinnuvélar o.fl., en við gerðum ekki ráð fyrir, að mikill áhugi yrði á slíkum kaupum. Hinsvegar sögðum við, að ef Rússar getu vekið áhuga innflytjenda heima á þessum vörum, myndi ekki standa á nauðsynlegum innflutningsleyfum eða annarri fyrirgreiðslu af hálfu íslenskra stjórnarvalda.

Við höfum gefið "Bifreiðum & landbúnaðarvélum h/f"

nánari skýrslu um viðræðurnar um málningargallana á "Pobeda"-bílum, og nánari lýsingu á ofangreindum bílum.

Síðasti liðurinn á sovétvörulistunum er: Ómsar vörur kr. 10 milli. Við höfum lagt til, að liðurinn nefndist: "Ymislegt, þar með talin flutningsgjöld", og að upphæðin yrði 30 millj. kr. En þessu háldum við ekki til streitu, er Rússar vildu ekki fallast á að nefna flutningsgjöld á vörulistunum (flutningsgjöld hafa heldur ekki verið nefnd á vörulistunum undanferin ár).

Nokkuð var rætt um flutningsgjöldin, og létu Rússar í ljós litla hrifningu yfir því að endurgreiða flutningsgjöld í frjálsum gjaldeyri, eins og þeir hafa gert síðan snemma á árinu 1954. Við kváðumst hins vegar treysta því, að slíkar endurgreiðslur héldu áfram, - og bentum m.a. á, að fyrstu tvö árin hefðu Rússar greitt Norðurlandssaltsildina í frjálsum gjaldeyri, en nú hefðum við fallið á jafnkeypi fyrir endvirði hennar, og auk þess veri megin-hlutinn af íslensku vörunum seldur á cifgrundvelli, þ.e. öll fiskflökin, og þýddi það talsverðar gjald-eyrisgreiðslur af Íslendinga hálfu. Það skapaði því meira jafnræði, ef Rússar endurgreiddu flutningsgjöld sovétvaranna (þær eru allar keyptar á fob-grundvelli) í gjaldeyri, a.m.k. flutningsgjöld fyrir olíur og benzín.- Rússarnir sögðu, að þetta yrði að vera mál milli okkar og Sojuznefteexports, og mætti reyna að komast að samkomulagi um það í sambandi við olíusæmningina fyrir næsta ár. Þeir létu heldur líklega um, að flutningsgjaldaendurgreiðslur fyrir olíur og benzín myndu halda áfram.

Önnur atriði.

Hér að framan er minnst á, að af Íslendinga hálfu var lagt til, að gerður yrði sáemningur till tveggja ára. Rússar

svöruðu þessu engu framan af, en sò lokum sagði formaðurinn, að af "teknilegum ástæðum" vildu Rússar ekki gera samning til lengri tíma en eins árs. (Auk þess sagðist hann "ekki vilja svifita sjálfan sig ánægjunni af því, að semja við Íslendinga árlega"). Ekki er gott að segja með vissu, hvað liggur að baki þessari afstöðu, en okkur er nær að halda, að Rússar vilji hafa óbundnar hendur um freðfiskmagnið 1957.

Við minntumst á það við Rússa, hvort ekki væri rétt að euka yfirdráttarheimildina, sem nú er í gildi í sambandi við jafnkeypisreikninginn (10 millj. kr.), þaróð í framkvæmd væri alltaf annað slagið farið langt fram úr þessari heimild. Við stungum upp á 35 millj. kr. yfirdráttarheimild eins og Rússar höfðu sjálfir lagt til árið 1953. - Rússarnir féllust á, að rétt væri að euka yfirdráttarheimildina, en ekki nema upp í 20 millj. kr. Létum við það gott heita.

Föstudaginn 23. september kl. 5 e.h. fóru frá undirskrift undir samkomulegið. Var það undirritað af sendiherra af Íslendinga hálfu, en af I.G. Kabanov, utanríkisverzlunarráðherra, af Rússa hálfu. Sérstök bréfaskipti áttu sér stað út af hækuninni á yfirdráttarheimildinni. Auk okkar tveggja var Tómas Á. Tómasson sendiráðsritari, viðstaddur undirskriftina, en af Rússa hálfu voru auk I.G. Kabanovs, S.A. Borisov, fyrsti aðstoðarráðherra fyrir utanríkisverzlun, N.I. Tséklín, og ýmsir aðrir af starfsmönnum utanríkisverzlunarráðuneytisins. Ennfremur A.G. Shehelokov, verzlunar-attaché við sovétsendiráðið í Reykjavík, og P.P. Gordeitchik, forstjóri "Prodintorgs".

Strax á eftir var þlíum viðstöddum boðið til matarveizlu, og þar á eftir var farið í leikhús til að sjá ballettinn Svanavatnið. Ráðherrarnir fóru þó ekki með í leikhúsið.

Daginn éður hafði Rússunum verið boðið til veizlu á heimili sendiherra.

Dagana, sem seamingarnir stóðu, hafði "protokoll-
deild" utanríkisverzlunarráðuneytisins séð um, að okkur
yrði sýnt eitt og annað í borginni. Var okkur t.d. sýndur
háskólinn nýi, Kremal, brouðverksmiðja og ríkisbú ca. 30
km. utan við Moskva.

Þórhallur fór frá Moskva áleiðis til Genf snemma
á laugardagsmorgun, 24. september.

I október 1955.

(sign.) Pétur Thorsteinsson.

(sign.) Þórhallur Ásgeirsson.